

Störf hjá Landmælingum Íslands



Laus eru til umsóknar tvö störf hjá Landmælingum Íslands (LMÍ), annars vegar starf sérfræðings í gagnagrunnum fyrir landupplýsingar og hins vegar starf hugbúnaðarsérfræðings. Um er að ræða ráðningu í eitt ár með möguleika á framlengingu.

Landmælingar Íslands eru ríkisstofnun staðsett á Akranesi. Meginhlutverk hennar er að sinna landmælingum og vinnslu landupplýsinga ásamt því að undirbúa innleiðingu INSPIRE-tilskipunarinnar um aðgengi að landupplýsingum. Hjá LMÍ vinna 28 starfsmenn með hæfni sem byggir á öflugri liðsheid og hópavinnu og eru LMÍ ein af fyrirmyndarstofnunum SFR 2010.

Sérfræðingur í gagnagrunnum fyrir landupplýsingar

Starfssvið:

- Vinna við uppbyggingu gagnagrunna fyrir landupplýsingar.
- Vinna að lausnum sem samræma notkun landupplýsinga hjá opinberum aðilum m.a. á grundvelli INSPIRE-tilskipunar Evrópusambandsins.

Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun t.d. í tölvunarfræði, verkfræði eða landupplýsingafræði (GIS).
- Hæfni í mannlegum samskiptum og skipulögðum vinnubrögðum.
- Frumkvæði, sjálfstæði og nákvæmni í starfi.
- Góð enskukunnátta.

Æskilegt er að umsækjandi hafi einnig:

- Reynslu af notkun landupplýsingahugbúnaðar.

Hugbúnaðarsérfræðingur

Starfssvið:

- Vinna að hugbúnaðarlausnum til að veita aðgang að gögnum.
- Vinna við rekstur tölvukerfis LMÍ.
- Vinna að lausnum sem samræma notkun landupplýsinga m.a. á grundvelli INSPIRE-tilskipunar Evrópusambandsins
- Vinna við ýmsar sértækar hugbúnaðarlausnir fyrir LMÍ.

Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun í tölvunarfræði, kerfisfræði eða önnur háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Reynsla af forritun.
- Hæfni í mannlegum samskiptum og skipulögðum vinnubrögðum.
- Frumkvæði, sjálfstæði og nákvæmni í starfi.
- Góð enskukunnátta.

Æskilegt er að umsækjandi hafi einnig:

- Reynslu af vefforritun.
- Reynslu af rekstri tölvukerfa.

Umsóknarfrestur er til **15. ágúst** næstkomandi og skulu umsóknir er greina frá menntun og reynslu berast til Landmælinga Íslands fyrir þann tíma. Gert er ráð fyrir að viðkomandi geti hafið störf 1. október. Um er að ræða 100% störf og eru laun samkvæmt launakerfi opinberra starfsmanna. Æskilegt er að umsækjendur búi á Akranesi eða nágrenni. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun hefur verið tekin. Umsóknir og fyrirspurnir sendist á Imi@Imi.is merkt **Ný störf**.



LANDMÆLINGAR ÍSLANDS

Stíllholti 16-18 - 300 Akranes
Sími 430 9000 - www.lmi.is